

Bjarni Reykjálín
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Kjarna, 650 Laugum
Þingeyjarsveit



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 17. desember 2015
UST201511-037/K.S.J.
10.04.03

**Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Þingeyjasveitar 2010 – 2022.
Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar og þjónustusvæðis að Illugastöðum, Fnjóskadal**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps er barst 5. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breyttu aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010 – 2022 í landi Illugastaða. Einnig er óskað umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi frístundabyggðar og þjónustusvæðis í landi Illugastaða.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Þingeyjasveitar 2010 – 2022.

Í breytingartillögu kemur fram að áætlað er að stækka frístundabyggð í landi Illugastaða úr 19,7 ha í 38 ha. Við breytinguna er áætlað að bæta við frístundahúsum, aðstöðu fyrir húsbíla, fellihýsi og tjaldvagna.

Náttúruminjar

Fram kemur í greinargerð að skipulagssvæðið nái inn á mela við Illugastaði sem er svæði nr. 514 á náttúruminjaskrá. Í skránni segir: *Illugastaðaklif og aðrir melhjallar milli Illugastaða og Sellands í Fnjóskadal. (2) Leifar af framburðareyrum í svonefndu Fnjóskadalsvatni, sem fyllti dalinn í lok ísaldar.*

Samkvæmt uppdráttum virðast áætlaðar framkvæmdir ekki ná inn á melhjalla þá sem verið er að vernda á svæði á náttúruminjaskrá, en mikilvægt er að melhjöllum sé hlíft við öllu raski.


Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar og þjónustusvæðis að Illugastöðum, Fnjóskadal


Að Illugastöðum í Fnjóskadal eru í dag 31 orlofshús, íbúðar- og þjónustuhús, geymsluhús ásamt sundlaug og þjónustuhúsi því tengt. Markmið með stækkun svæðis fyrir orlofshús er að fjölga þeim, bæta aðstöðu fyrir húsbíla, fellihýsi og tjaldvagna. Í greinargerð kemur fram að áætlaðir byggingarreitir eru skilgreindir inni á þegar röskuðum svæðum s.s. ræktuðum túnum.

Umhverfisstofnun tekur undir markmið um frágang lóða og hönnun og útfærslu á húsum og mannvirkjum.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við deiliskipulag orlofsbyggðar að Ilugastöðum.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri